

Nd. 58. Frumvarp til laga
um lestrarfélög og styrk til þeirra.

Flm.: Gísli Guðmundsson, Bergur Jónsson.

1. gr.

Lestrarfélög utan þeirra kaupstaða eða kauptúna, þar sem amts-, bæjar- eða sýslubókasöfn eru starfandi, skulu njóta styrks samkvæmt lögum þessum.

2. gr.

Stofna skal sjóð, er nefnist styrktarsjóður lestrarfélaga og er undir stjórn fræðslumálastjóra. Tekna í sjóðinn skal afla með því að innheimta skemmtanaskatt með 10% álagi frá 1. jan. 1938 að telja. Um innheimtuna fer samkvæmt lögum um skemmtanaskatt.

3. gr.

Stjórn lestrarfélags, er styrks vill njóta, sendir fræðslumálastjóra í lok hvers starfsárs reikning yfir tekjur og gjöld félagsins á árinu, ásamt félagsmannaskrá. Ennfremur skýrslu um bókaútlán á árinu, þar sem tilgreint sé, hversu margar bækur hafa verið lánaðar út á árinu og hve mörgum félagsmönnum. Skýrslunni fylgi skrá um bækur, sem félagið hefir eignast á árinu.

4. gr.

Styrkur til lestrarfélags er bundinn því skilyrði, að fyrir liggi yfirlýsing hreppsnefndar í þeim hreppi, þar sem félagið starfar, um að hreppurinn eða sýslan styrki félagið með a. m. k. jafnhárru upphæð og því verði úthlutað úr styrktarsjóði lestrarfélaga fyrir það ár, sem um er að ræða.

5. gr.

Fræðslumálastjóri úthlutar styrk til lestrarfélaga í marz mánuði ár hvert fyrir næsta ár á undan, eftir því sem tekjur sjóðsins hrökkva.

6. gr.

Úthluta skal tekjum sjóðsins milli lestrarfélaga í réttu hlutfalli við innborguð félagsmannagjöld þeirra á árinu, Þó má eigi greiða neinu félagi hærri upphæð en sem svarar 2 krónum fyrir hvern félagsmann, sem árgjald hefir greitt. Fyrsta úthlutun fer fram á árinu 1939.

7. gr.

Lestrarfélög, sem eigi hafa sent skilagreinir samkv. 3. gr. fyrir 1. marz, eiga ekki rétt til styrks.

8. gr.

Lestrarfélögum, sem styrkhæf eru samkvæmt lögum þessum, skal senda árlega ókeypis eitt eintak hverju af Alþingistiðindum, Stjórnartíðindum, skýrslum hagstofunnar, Lagasafni, Hæstaréttardómum, skýrslum rikisskólanna, Lögbirtingablaðinu, prentuðum álitum millipinganefnda og öðrum opinberum skýrslum, er ríkið og stofnanir þess gefa út. Stofnanir þær, er gefa út rit þessi, skulu annast útsendingu þeirra.

9. gr.

Eigi er styrkhæft lestrarfélag með færri félagsmönnum en 10. Ef starfsemi lestrarfélags virðist vera í miklu ólagi, er fræðslumálastjóra heimilt að svipta það styrk, unz starfseminni hefir verið komið í viðunandi horf.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt í samræmi við ályktun, er gerð var á 5. flokksþingi framsóknarmanna síðastl. vetur um að styðja stofnun og rekstur lestrarfélaga í sveitum og kaupúnum, þar sem hin stærri bókasöfn landsmanna, svo sem Landsbókasafnið, amts-, bæjar- eða sýslubókasöfn, geta eigi orðið að verulegum notum.

Það er vafalaust, að lestrarlöngunin er eitt hið fegursta og heilbrigðasta í fari islensku þjóðarinnar og hefir flestu öðru fremur orðið til verndar islensku máli og

menningu. Það er líka kunnugt, að alþýða manna í strjálbýlinu hefir aflað sér mikils fróðleiks úr bókum og að margur maðurinn, sem ekki hefir átt kost skólagöngu, hefir með lestri bóka og eigin rammleik að öðru leyti komizt eins langt í menntun og þeir, sem skólagengnir eru. Reynslan er líka sú, að kennsla sú, er almenningur nýtur í skólum, getur orðið lítils virði, ef þeir, sem skólana hafa sótt, eiga ekki aðgang að bókum eftir að út í lífsstarfið er komið.

Lestrarfélög sveitanna eru merkilegur þáttur í samtakaviðleitni almennings í þá átt að framkvæma átök, sem einstaklingnum eru um megn. En víða eiga þessi félög örðugt uppdráttar. Er því fyllilega tími til kominn, að hið opinbera rétti þessari félagsshreyfingu hjálparhönd, með því fyrst og fremst að viðurkenna hana með lagasetningu og í öðru lagi með því að veita henni nokkurn fjárhagslegan stuðning. Með frumvarpinu er að þessu stefnt.

Frv. gerir ráð fyrir, að til stuðnings lestrarfélögum sé aflað tekna á sérstakan hátt, með 10% álagi á skemmtanaskatt. Skemmtanaskatturinn er nú áætlaður 120 þús. kr., og myndu því safnast 12 þús. kr. á þennan hátt. Önnur tegund tekjuöflunar gæti e. t. v. komið til mála. Ekki er gert ráð fyrir, að til þessa stuðnings komi nema svo mikill áhugi sé fyrir málinu heima fyrir, að viðkomandi hreppur eða sýsla vilji líka eitthvað fyrir það gera.

Þá er svo ráð fyrir gert, að ýmsum forlagsbókum ríkisins, sem til eru, sé dreift út um landið til afnota fyrir lestrarfélögin. Upplög ýmsra þessara bóka hlaðast nú upp ár frá ári engum til gagns. Og þó að sum upplögin þyrfti að auka sem þessu svarar um leið og þau eru gefin út, yrði ekki af því aukakostnaður, sem neinu næmi.